

# Kvennaskólinn í Reykjavík

## Ársskýrsla 2018

### Skólinn í hnotskurn

Árið 2018 voru í Kvennaskólanum í Reykjavík 605 nemendur og 67 starfsmenn í 52,5 stöðugildum. Starfsemi skólans fer fram í þremur húsum sem eru samtals 5031 fermetrar að stærð.

Skólinn er skipulagður með bekkjakerfi og undanfarin ár hafa um 95% nemenda lokið námi sínu á þremur árum í samræmi við nýja námskrá, sem stúdentar hafa verið brautskráðir af síðan 2012. Námsbrautir skólans eru þrjár; félagsvísindabraut, hugvísindabraut og náttúruvísindabraut sem er fjölmennust.

### Nemendur

Á vorönn 2018 fóru 597 nemendur í vorpróf og 195 stúdentar voru útskrifaðir. Haustið 2018 hófu 611 nemendur nám við skólann. 217 nemendur hófu nám í 1. bekk, þar af 213 sem komu beint úr 10. bekk. Í desember 2018 útskrifuðust 9 stúdentar allir úr 4. bekk.

Af þeim 611 nemendum sem hófu nám við skólann haustið 2018 hurfu 20 frá námi einhvern tíma vetrarins en það svarar til 3,3% brottfalls. Af þessum 20 brottfallsnemendum hættu 17 um áramót og fóru í aðra skóla. 3 hættu á vorönninni, einn vegna veikinda en 2 af öðrum ástæðum. Til annarprófs skiluðu sér 100% á haustönn og 99% á vorönn.

### Skipting á brautir

Veturinn 2017-2018 var skipting nemenda á brautir þannig að um 37% nemenda voru á félagsvísindabraut, 7% á hugvísindabraut og 56% á náttúruvísindabraut. Eins og áður voru stúlkur fleiri en piltar í nemendahópnum og þetta ár voru piltar 28% nemendahópsins. 58% nemenda áttu lögheimili í Reykjavík eða á Seltjarnarnesi og 94% á stór-Reykjavíkursvæðinu.

### Kynjahlutfall

Veturinn 2017-18 var kynjahlutfall nemenda þannig að 72% voru stúlkur og 28% piltar. Yngstu nemendur skólans, 4 talsins, voru fæddir 2002 og sá elsti 1997.

## **Kennsla og stjórnun**

Við skólann starfa nú 67 starfsmenn í 52,5 stöðugildum, þar af 53 kennarar í 42,8 stöðugildum. Gert er ráð fyrir nokkurri endurnýjun starfsmanna á næstunni en 13 kennarar eru 60 ára eða eldri í dag en verða 15 árið 2019. Af 14 öðrum starfsmönnum eru 6 sem hafa náð 60 ára aldri en verða orðnir 8 árið 2019. Gert er ráð fyrir sama nemendafjölda næstu þrjú árin og því er ekki reiknað með teljandi breytingum á kennaraliði, annarri en eðlilegri endurnýjun.

## **Þróunarstarf**

### **Rýnihópar**

Árið 2018 störfuðu rýnihópar á meðal starfsfólks. Tilgangurinn er að fólk rýni starf sitt til gagns og skoði í sameiningu hvernig það megi þróa og bæta. Einnig eru rýnihópar skipaðir til þess að fjalla um verkefni er varða umbætur á ýmsum sviðum og nýjungar sem fyrirhugað er að innleiða í skólastarfið.

Á vorönn 2018 var sótt um styrk til Sprotasjóðs:

Markmið verkefnisins:

- Að bæta líðan nemenda; meðal annars með því að styðja þá á einstaklingsvísu, vinna með bekkjaanda og samskipti innan bekkja og námshópa, leggja áherslu á jákvæð og heilbrigð samskipti. Algengi eineltis og kynferðisleg áreitni er meira skv. niðurstöðum í Skólapúlsum en við höfðum átt von á.
- Kvíði er algengur meðal nemenda í framhaldsskólum. Svo rammt getur kveðið að honum að veikindin geta komið í veg fyrir að nemandi ljúki framhaldsskóla eða seinki námi verulega.

Undirstaða verkefnanna var að innleiða nýjar hugmyndir í skólastarfið sem annars vegar byggðust á verkefninu „uppeldi til ábyrgðar“ og hins vegar Students voices eða raddir nemenda. Var hugmyndafræðin kynnt á kennarafundi og auglýst eftir þátttöku starfsmanna í tvo rýnihópa.

### **Uppeldi til ábyrgðar**

- Unnið verður m.a með hugmyndir er lúta að „uppeldi til ábyrgðar“ (<http://netla.hi.is/greinar/2007/003/index.htm>) og „raddir nemenda“

- Hugmyndafræðin byggir á betri og ábyrgari samskiptum innan skólasamfélagsins og að höfð sé hliðsjón af röddum og skoðunum nemenda á því hvaða t.d. kennsluaðferðir hæfa þeim best. Allt beinist þetta að betri líðan og námsárangur. Raddir nemenda (Students Voices) hefur verið eitt af viðfangefnum Erasmus-áætluninnar hjá Evrópusambandinu. Kvennaskólinn hefur tekið þátt í einu slíku. (Students Voices @revitalizingtheschoolsystem).
- Verkefnið „uppeldi til ábyrgðar“ hefur hingað til verið viðfangsefni í leik- og grunnskólum. Við teljum að það eigi fullt erindi við nemendur framhaldsskóla, sem flestir eru undir 18 ára aldri.

#### **Áætlaður afrakstur:**

Að almenn líðan nemenda sé betri í skólanum. Lagðar hafa verið fyrir kannanir hér að lútandi og verða þær lagðar aftur fyrir að loknu verkefninu. Afrakstur verkefnisins eru bætt samskipti og betri líðan nemenda á breiðum grundvelli.

#### **Kennslustofa framtíðarinnar**

- Skipaður var hópur meðal kennara sem hefði það markmið að koma með tillögur að því hvernig best mætti búa kennslustofu til þess að mæta hugmyndum innan skólans um það hvernig hlutum væri best fyrir komið m.a. með hliðsjón af nýjum kennsluháttum og námsaðferðum nemenda. Skyldi málið skoðað bæði frá sjónahorni kennara og nemenda. Þá skyldi um leið skoðað hvernig best mætti bæta hljóðgæði í stofunni, sem þykir erfið til kennslu. Skyldi hópurinn einnig gera tillögur um tækjabúnað.
- Skyldi hópurinn koma með rökstuddar tillögur í lok skólaársins 2017-2018. Stefnt yrði að því að húsgögn í kennslustofu 23 í Miðbæjarskóla yrðu keypt og stefnt yrði að því að þau yrðu tilbúin til notkunar í upphafi haustannar.

#### **Markmið í viðauka skólasamnings**

1. Skólinn sé nemendavænn og því eftirsóknarverður. Það felur m.a. í sér að:
  - a) Skólinn njóti góðrar aðsóknar. Umsóknir um 1. bekk voru 573, þar af 257 sem höfðu skólann í 1. sæti og 316 sem settu hann í 2. sæti.
  - b) Skólanum haldist vel á nemendum. Meðaltalshlutfall þeirra sem skila sér til annarprófs verði yfir 98%. Á haustönn 2016 fóru 99,4% nemenda í jólaþrófin og 98,9% nemenda á vorönn 2017 tóku vorþrófin. Mesta brottfallið er á annaskilum.
  - c) Samkomur nemenda séu án athugasemda eftirlitsaðila skólaárið 2016-2017 hvað varðar áfengis- og vímuefnaneyslu. Skólaárið 2016-17 voru þessar athugasemdir 52 alls en voru 36 árið áður. Þetta er vaxandi vandamál sem skólinn er að glíma við og tekur mjög hart á. Sennilega

er aukin neysla nemenda ástæðan og einnig hefur eftirlitið verið hert til muna. Þess skal getið að um helmingur þeirra sem höfð voru afskipti af voru nemendur úr öðrum skólum ☺

2. Skólinn hafi á að skipa góðu og vel menntuðu starfsfólki. Það felur m.a. í sér að: Meira en 60% kennara hafi meiri menntun en fyrstu háskólagráðu. Skólaárið 2017-18 voru þetta 64,2%.
3. Skólinn hafi góða ímynd og sé eftirsóknarverður vinnustaður. Allir þættir í könnuninni Stofnun ársins hækki. Einnig að heildareinkunn hækki en hún var 4,08 árið 2018. Þátttaka í könnuninni hefur ekki verið sem skyldi en verið er að vinna að því að hún batni svo nota megi hana sem eina af undirstöðum sjálfsmats á hverju ári.
4. Skólinn sé vel rekinn. Rekstrarafgangur var 44,2 m. kr. Höfuðstóll er jákvæður um ca. 54,1 m. kr. og greiðslustaða við ríkissjóð jákvæð um 21,5 m. kr.
5. og 6. markmiðum hefur verið náð fyrir árið 2016 eða hætt við áform í samráði við Mmr.

### Eftirfylgni sjálfsmats

Unnið hefur verið að margs konar umbótaverkefnum í skólanum 2015, 2016, 2017 og 2018, sem öll tengjast þriggja ára stefnuskjali skólans. Verkefni hafa jafnframt verið leyst af hendi með hliðsjón af athugasemdum sem fram komu í ytri úttekt sem fram fór í skólanum árið 2014. Einnig hefur verið unnið úr ýmsum athugasemdum sem fram hafa komið í starfsmannaviðtölum. Lúta verkefni að því að tryggja framfarir meðal annars á eftirfarandi þáttum:

- **líðan nemenda**; verkefni og fræðsla á sviði agastjórnunar og jákvæðs bekkjaranda.
- **húsnæði**; margvísleg verkefni er varða breytingar og umbætur í samstarfi við Ríkiseignir, endurnýjun húsgagna bæði fyrir starfsfólk og nemendur (unnið í skrefum)
- **netvæðingu og upplýsingatækni**; þráðlaust net styrkt í öllum húsum skólans, tölvur endurnýjaðar.
- **skólareglum**: reglum breytt í samræmi við breytingar í upplýsingatækni og tilkomu samfélagsmiðla, skerpt á reglum um hegðun og vinnufrið og þáttum er varðar viðurlög og verklag.
- **skipulagi starfsmannaviðtala**
- **árlegri endurmenntunaráætlun** og eftirfylgni hennar
- **fjölbreyttu námsmati og kennsluháttum**.

(Sjá fylgiskjal í viðhengi „Sjálfsmatsskýrsla Kvennaskólans í Reykjavík 2017-2018- áætlun um innra mat 2018-2019“.)

## **Fjármál, rekstur**

Fjárlög fyrir árið 2018 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og áður eða 663 ársnemendum. Fjárheimild samkvæmt fjárlögum var 782,1 m. kr. en þar af voru sértekjur 60,9 m. kr. Til greiðslu úr ríkissjóði voru 721,2 m. kr. og skólinn innheimti 7,3 m. kr. af ríkistekjum. Rekstrarútgjöld ársins voru 758,3 m. kr., tekjur voru 57,9 m. kr. og framlag ríkissjóðs til reksturs, afskrifta og orlofsskuldbindingar 746,3 m. kr. Rekstrarafgangur var 44,2 m. kr. Höfuðstóll er jákvæður um ca. 54,1 m. kr. og greiðslustaða við ríkissjóð jákvæð um 21,5 m. kr. Niðurstöðutölur ársins birtar með fyrirvara þar sem ársreikningur liggur ekki fyrir.

## **Samstarf við aðra**

### **Grunnskólastigið:**

Kvennaskólinn tekur þátt í kynningum fyrir grunnskóla á þeim grundvelli sem skipulagður hefur verið á höfuðborgarsvæðinu. Annað árið taka allir skólar þátt í sýningu og kynningu í Laugardalshöll. Hitt árið fara fram kynningar í nokkrum grunnskólum svæðisins þar sem gefst kostur á nánari samtölum bæði við nemendur og foreldra.

Á haustönn 2018 var afráðið að á vorönn 2019 yrði sent út bréf til allra námsráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni þess þar sem Kvennaskólinn byðist til þess að takast á hendur sérstakar heimóknir í þá grunnskóla sem áhuga hefðu á að fá fulltrúa nemenda og kennara/stjórnenda í heimsókn. Jafnframt yrði skipulögð heimsókn starfs- og námsráðgjafa grunnskóla í Kvennaskólann.

### **Háskólasviðið:**

Farið er með nemendur á þriðja og síðasta ári í heimsóknir í HÍ og HR. Einnig taka nemendur á öðru ári skólans þátt í verkefni HÁskólalapsins í HÍ. Þá var ákveðið að nemendum gæfist kostur á að taka þátt í Háskólaherminum í HÍ á vorönn 2019 og yrði sérstaklega hliðrað til fyrir þeim sem þátt tækju.

## **Lokaorð**

Beðist er velvirðingar á því hversu seint ársskýrslan fyrir 2018 er tekin saman. Verklag við upplýsinga- og gagnaskil til Mmr hefur breyst með tilkomu þriggja ára áætlunarinnar og sjálfsmatsskýrslu sem báðar eru uppfærðar á ári hverju. Í þeim gögnum kemur margt það fyrir

sem áður var talið nauðynlegt að hafa í ársskýrslunni. Afráðið var að hafa þessa samantekt ekki lengri en vísað í framangreind gögn sem ráðuneytinu hafa verið send eins og reglur segja til um.

Í fáum orðum má segja að Kvennaskólanum í Reykjavík vegni vel. Hann hefur notið góðrar og jafnrar aðsóknar um árabíl, hefur á að skipa mjög góðu starfsfólki og nemendum sem hafa náð góðum árangri. Brotthvarf nemenda er mjög lítið og rekstrarstaða skólans hefur batnað til muna. Það er von okkar að svo megi verða áfram en stöðugleiki í rekstrarumhverfi er forsenda þess að skólar geti gegnt hlutverki sínu með sóma og að nemendur fái þá menntun sem þeim ber.

Reykjavík, 7. maí 2019

Með vinsemd og virðingu,

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari